



LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS

Áhugasviðs tengd listsköpun

með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi



Helstu upplýsingar

Nafn skóla: Grundaskóli

Nafn verkefnisins: Áhugasviðs tengd listsþópur með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi

Nafn verkefnistjóra: María Þórunn Helgadóttir og Valgerður Jóna Oddsdóttir

Nafn ábyrgðaraðila: Valgerður Jóna Oddsdóttir

Númer samnings og styrkár: UMS-81, 2021-2022


Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins var að efla og auka fræðslu til list- og verkgreinakennara til að kennrarar hafi aukna þekkingu og getu til að koma til móts við fjölbreytta nemendahópa. Að efla list- og verkgreinakennara í að útfæra verkefni fyrir alla nemendur, ekki með því markmiði að útkoman verði eins heldur að hver og einn nemandi geti lagt sitt að mörkum í verkefninu.

Leiðir að markmiði

Lögð var áhersla á tónmennt. Haldnir voru reglulegir vinnu- og samráðsfundir samkvæmt framkvæmdaráætlun.

Á haustönn var líttill hópur að vinna í skapandi vinnu í tónlist í blönduðum hópi, þvert á árganga. Nemendur gátu haft áhrif á hvaða hljóðfæri væri spilað á, sem dæmi nýtti einn nemandi sér sjónstýribúnað til að velja hljóðfæri.



Ákveðið að fá gestakennara til að vera með vinnustofu með nemendur í upphafi verkefnisins, til þess að styrkja starfsfólk skólans og geta byggt á þeirri reynslu á áframhaldandi vinnu. Gestakennarinn Benni Hemm Hemm kom tvívar sinnum á haustönn.

Á vorönn var unnið með einn árgang og nemendur gátu áfram haft áhrif á hvað hljóðfæri væru spilað og hvaða lög væru spilað. Lögð var áhersla á flæði og að spila saman.

Helstu hindranir og frávik

Á þessu tímabili höfðu sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda vegna Covid 19 áhrif á framkvæmdaráætlun, tímasetningar færðust aðeins til en kennslustundaföldi stóðst samkvæmt áætlun.

Ávinnungur, niðurstöður og mat

Það tók tíma fyrir tónlistarkennarann að kynnast nemendum og átta sig á getu og vilja nemenda. Þroskaþjálfi kom einnig að verkefninu með því að undirbúa einn nemanda fyrir tímana, með því að setja myndir í sjónstýribúnaðinn. Tveir stuðningsfulltrúar voru með til skiptis til aðstoðar.

Allir aðilar sem komu að verkefninu telja sig hafa eflst í starfi. Þeim fannst ánægjulegt að taka þátt í að efla val og ákvörðunartöku nemenda. Ánægjulegt var að fylgjast með nemendum öðlast öryggi og sjá gleðina hjá þeim. Sjálfstraust, öryggi og frumkvæði jókst.

Allir sem komu að verkefninu vona að áframhald verði á þessari vinnu næstu árin í skólanum.

Áætlun um kynningu á verkefninu

Verkefnið hefur verið kynnt fyrir skólastjórn skólans og skýrslan verður send til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Akraness.

Grundaskóli, 8. júní 2022

Maria P. Helgadóttir

María Þórunn Helgadóttir, verkefnastjóri



Grundaskóli

Sigurður Árnar Sigurðsson, skolastjóri

Skólastjóri

Valgerður Jóna Oddsdóttir

Valgerður Jóna Oddsdóttir, verkefnastjóri og ábyrgðaraðili